

Samráð með íbúum

Í ljósi þeirra athugasemda sem Mosfellsbær hefur komið á framfæri við verkefnisstjórn svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs og snúa að daglegum rekstri í Álfsnesi hefur Björn H. Halldórsson, forstjóri SORPU hreyft þeirri hugmynd að stofnaður verði samstarfshópur tæknimanna Mosfellsbæjar og SORPU þar sem rædd verða og skoðuð þau umkvörtunarefni sem bærinn hefur um starfsemina – megi það verða til að gera boðleiðir skilvirkari og starfsmenn SORPU og Mosfellsbæjar upplýstari um aðstöðu og starfsumhverfi hvors annars.

„Mér finnst mikilvægt að allar kvartanir sem berast út af okkar starfsemi verði kortlagðar og lagðar fram ítarlegar aðgerðaráætlanir hvernig hægt sé að draga enn frekar úr neikvæðum áhrifum urðunarstaðarins á þéttbýli í Mosfellsbæ, s.s. vegna lyktarmengunar. Einnig verði reynt að tryggja að ásýnd staðarins sé með þeim hætti að ásættanlegt sé gagnvart íbúum Mosfellsbæjar,“ segir Björn H. Halldórsson.

Í byrjun júní sl. var haldinn fundur SORPU og íbúasamtaka Leirvogstungu. Fundurinn var haldinn í Álfsnesi og hófst á því að ekið var með fundargesti um athafna- og urðunarsvæðið. Síðan var haldinn stutt kynning og loks fyrirspurnir og umræður. Fundurinn var vel sóttur og komu um 20 íbúar á fundinn ásamt því sem stjórnarformaður og tveir stjórnarmenn sóttu fundinn ásamt yfirverkfræðingi og framkvæmdastjóra SORPU.

Á fundinum komu fram kvartanir íbúa vegna lyktarmengunar, en af einhverjum ástæðum virðast kvartanir ekki berast SORPU. Íbúar voru hvattir til að koma kvörtunum á framfæri þegar ástæða væri til. Í kjölfar fundarins hefur SORPA ákveðið að skoða alla verkferla við móttöku á úrgangi (lyktarsterkum sem öðrum), staðsetningu og frágang sem og kanna hvaða tæknilausnir (aðrar en þegar hefur verið gripið til) gætu verið heppilegar og hagkvæmar.